

GJALDSKRÁ

vegna handsömunar og vörslu búfjár í Strandabyggð.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskrá þessi gildir um handsömun, flutning og vörslu búfjár innan Strandabyggðar. Gjaldtaka samkvæmt gjaldskrá þessari er á grundvelli laga um velferð dýra, nr. 55/2013, laga um búfjárhald, nr. 38/2013, og á grundvelli samþykktar um búfjárhald í Strandabyggð.

2. gr.

Handsömun búfjár.

Í þeim tilvikum sem Strandabyggð annast handsömun búfjár og/eða við að koma því í örugga vörslu er kostnaður innheimtur hjá eiganda búfjár samkvæmt eftirfarandi:

a) Fast gjald vegna handsömunar:

Stórgripir: 10.000 kr. fyrir hvern grip.

Kind: 5.000 kr. fyrir hvern grip.

Ef kostnaður er verulega umfram fast gjald, s.s. vegna mikillar vinnu starfsmanns, er heimilt að innheimta tímagjald á hvern starfsmann sveitarfélagsins, sem innheimtist í samræmi við gjaldskrá Áhaldahúss Strandabyggðar.

3. gr.

Varsla búfjár.

Í þeim tilvikum sem Strandabyggð hefur búfé í vörslu sinni, fram yfir 6 klst., sem umráðamaður lands, eða ef sveitarfélaginu er afhent búfé til vörslu af umráðamanni lands, er kostnaður innheimtur hjá eiganda búfjárins sem hér segir:

Stórgripir: 18.000 kr. fyrir hvern byrjaðan sólarhring.

Smágripir: 6.000 kr. fyrir hvern byrjaðan sólarhring.

Gjald tekur til vörslu, fôðrunar, brynningar og eftir atvikum hýsingar, þ.m.t. umsjón verks, vinnu starfsmanns, aksturs- og flutningskostnaðar.

4. gr.

Sérstakur kostnaður.

Heimilt er að innheimta sérstaklega kostnað vegna dýralæknis, merkingar eða skráningar.

5. gr.

Lögveð.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari njóta lögveðs í búfénu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga um búfjárhald, nr. 38/2013. Lögveðið nær einnig til vaxta og innheimtukostnaðar af kröfunni ef því er að skipta.

6. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Strandabyggðar 7. júlí 2026 og sett á grundvelli laga um velferð dýra, nr. 55/2013, öðlast þegar gildi.

Strandabyggð, 7. júlí 2026.

Hrafnhildur Þorsteinsdóttir oddviti.

B deild - Útgáfudagur: 20. ágúst 2026